89

Skýrsla

um jarðabætur unnar af .....

á ár-

.....

Nöfn og heimili fjelags-manna.	Þúfnasljettur, □ faðmar.	Matjurtareitir, □ faðmar.	Varnargarðar um tún, sáðreiti, fjárbæli og engi,										Varnarskurðir,		
			úr grjóti,						úr torfi og grjóti		úr torfi				
			einhlaðnir,			tvíhlaðnir,									
			hæð, fet.	lengd, faðm.		hæð, fet.	lengd, faðm.		hæð, fet.	lengd, faðmar.	hæð, fet.	lengd, faðmar.	breidd að ofan, fet.	dýpt, fet.	lengd, faðm.

Að jeg hafi sjálfur skoðað og mælt framantaldar jarðabætur og að þær sjeu allar vel af nefndinni í .....sýslu (bæjarstjórninni í .....kaupstað).

Auglýsing

um skilyrði og reglur fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfjelaga.

Samkvæmt ályktunum, samþykktum í báðum deildum alþingis 1893, skal um skilyrðin fyrir veitingu á styrk úr landssjóði til búnaðarfjelaga og um reglurnar fyrir útbýtingu styrksins skipað fyrir svo sem hjer segir:

A. Almenn skilyrði.

1, að fjelagið hafi unnið næsta ár á undan því, er styrkurinn er veittur, að minnsta kosti 12 dagsverk fyrir hvern búanda í fjelaginu að meðaltali að þeim jarðabótum, er efla grasrækt og garðrækt, og að minnst 10 fjelagsmenn hafi tekið þátt í jarðyrkjustörfum fjelagsins;

2, að bónarbrjefum um styrkinn, sem skulu stýluð til landshöfðingja, fylgi reikningur fyrir næsta ár á undan yfir tekjur og gjöld búnaðarfjelags þess, er um styrkinn sækir, og skýrsla um hin unnu störf, útgefin af skoðunarmanni, er sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur til þess nefnt;

3, að skýrslur skoðunarmanna sje samdar eptir formi því, sem hjer er á undan, að í skýrslunum sje tekin fram stærð hverrar jarðabótar, og að skoðunarmaður riti í skýrsluna vottorð sitt um, að hann hafi ekki tekið til greina aðrar jarðabætur en þær, sem vel eru af hendi leystar.

fjelagi .....
inu
.....

Flóðgarðar og stíflugarðar,				Vatnsveitingaskurðir,				Lokræsi		Dagsverk, samtals.	Athuga-semdir.
breidd á miðri hæð, fet.	hæð á miðri breidd, fet.	lengd, fet.	teningsfet.	breidd á miðri dýpt, fet.	dýpt á miðri breidd, fet.	lengd, fet.	teningsfet.	með grjóti (mölræsi), faðmar.	með hnaus (holræsi), faðmar.		

hendi leystar, votta jeg undirskrifaður skoðunarmaður, sem til þess er nefndur af sýslu-

B. Reglur.

1. Þessar jarðabætur skulu teknar upp í skýrslurnar:
   a, þúfnasljettur;
   b, matjurtareitir nýyrktir, flatarmálið;
   c, varnargarðar úr grjóti eða torfi um tún, sáðreiti, fjárbæli og engi;
   d, flóðgarðar eða stýflugarðar;
   e, skurðir til vörzlu, framræslu eða vatnsveitinga;
   f. lokræsi.

   Aðgjörðir á gömlum jarðabótum má ekki taka upp í skýrsluna, nje heldur þær jarðabætur, sem ekki eru fullgjörðar samkvæmt reglum þessum.

2. Jarðabætur skulu lagðar þannig í dagsverk:
   a. þúfnasljettur . . . . . 10 □ faðmar
   b. Matjurtareitir ný-yrktir, jarðvegur byltur og blandaður (flatarmálið) . . . . . 15 — ——
   c. Varnargarðar:
      1. Grjótgarðar einhlaðnir, $3^1/_2$ fet á hæð . . . . . 3 — ——
      2. Grjótgarðar tvíhlaðnir, $3^1/_2$ fet á hæð . . . . . $1^1/_2$— ——
      3. Garðar úr torfi og grjóti, 4 fet á hæð . . . . . $3^1/_2$— ——
      4. Garðar úr torfi, sem sje að minnsta kosti 4 fet á hæð og 4 fet á þykkt að neðan . . . . . 4 — ——

89

5. Varnarskurðir, 6 feta breiðir að ofan, 2 feta djúpir og rofinu hlaðið í garð á skurðbakkanum . . . . . $4^1/_2$ □ faðmar

d. Flóðgarðar og stýflugarðar:
1. 1—2 feta háir . . . . . 300 teningsfet
2. Yfir 2 feta háir . . . . . 200 ——

e. Vatnsveitingaskurðir:
1. Allt að 5 feta breiðir, tvístungnir (2 feta djúpir) . . . . 400 ——
2. Yfir 5 feta breiðir, þrístungnir (3 feta djúpir) . . . . . 300 ——

f. Lokræsi:
1. Með grjóti (mölræsi) . . . . . 3 faðmar
2. Með hnaus (holræsi) . . . . . 8 ——

3. Styrkurinn skal miðaður við tölu dagsverka þeirra, sem unnin hafa verið í fjelaginu að framantöldum jarðabótum næsta ár á undan því, er styrkurinn er veittur.
4. Bónarbrjefin um styrkinn eiga að vera komin til landshöfðingja fyrir 1. júlí ár það, sem styrkurinn er veittur, í næsta sinn fyrir 1. júlí 1894.

Reykjavík, 28. október 1893.
Landshöfðinginn yfir Íslandi
Magnús Stephensen. *Hannes Hafstein.*

90

Reikningur

yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Austuramtsins 1892.

Tekjur.

1. Í sjóði 1. jan. 1892:			
a. Í uppsegjanlegu konunglegu skuldabrjefi . .	Kr. 835,52		
b. Í skuldabrjefum einstakra manna	— 800,00		
c. Í peningum	— 107,15	Kr.	1742,67
2. Vextir:			
a. Af uppsegjanlegu konunglegu skuldabrjefi . .	Kr. 33,42		
b. Af skuldabrjefum einstakra manna	— 32,00	—	65,42
		Kr.	1808,09

Gjöld.

1. Styrkur veittur búnaðarskólanum á Eyðum		—	172,57
2. Í sjóði við árslok:			
a. Í uppsegjanlegu konunglegu skuldabrjefi . . .	Kr. 835,52		
b. Í skuldabrjefum einstakra manna	— 800,00	—	1635,52
		Kr.	1808,09

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 30. jan. 1893.
Í fjarveru amtmanns J. Havsteen
Kl. Jónsson,
settur.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.
Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1892 og 1893.
13. gr. B. VI. b. 1.

Til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum var með brjefi landshöfðingja 14. okt. veittur þessi styrkur fyrir árið 1893: